

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 10. maí 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru o.fl. (769. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 5. maí sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um viðspyrnustyrki og lögum um tekjuskatt (framhald úrræða og viðbætur), 769. mál (þingskjal 1340 - 151. löggjafarþing). Með frumvarpinu er lögð til rýmkun skilyrða sem gilda um lokunar- og viðspyrnustyrki til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru ásamt því að gildistími beggja úrræða er framlengdur fram til haustsins 2021. Nýtt tekjufallsþrep fyrir 40-60% tekjufall bætist við lög um viðspyrnustyrki nr. 160/2020, og gildi afturvirkrt frá því að sömu lög tóku gildi. Auk þess hækki hámarksfjárhæð styrkjanna úr 120 millj. kr. í 260 millj. kr.

Bændasamtök Íslands hafa orðið þess vör hjá félagsmönnum sem hafa stundað ferðaþjónustu í bland við búskap að úrræði eins og tekjufallsstyrkir hafa ekki nýst vegna þess að rekstur ferðaþjónustuhluta er á sömu kennitölu og búrekstur. Þannig hafa fyrirtæki ekki náð viðmiðum um tekjufall þrátt fyrir að starfsemi hafi legið niðri vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Með því að færa niður viðmið má ætla að fleiri fyrirtæki í þessari stöðu muni ná inn í þetta úrræði stjórnvalda. Það mun verða til þess að efnahagsleg viðspyrna verður kröftugri nú þegar sér fyrir endann á tekjuþurrð fyrirtækja m.a. í ferðaþjónustu.

Bændasamtök Íslands telja frumvarp fjármálaráðherra eins og það liggur fyrir afar jákvætt og styðja að það verði samþykkt. Þá eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir